

## GJALDSKRÁ

### fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald).

#### 2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- 2.1 Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 13.500 á íbúð, m.v. 240 l sorptunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum. Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna.
- 2.2 Húsfélög geta fengið 660 l eða 1100 l sorpílát án endurgjalds. Endurnýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

Gjöldin innheimtast með fasteignagjöldum.

#### 3. gr.

- 3.1 Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 12,00 á kg.
- 3.2 Fyrir grófan úrgang sem þarf að flokka kr. 18,00 á kg.
- 3.3 Fyrir flokkað úrgangstimbur greiðast kr. 10,10 á kg.
- 3.4 Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 3,90 á kg.
- 3.5 Fyrir grófan ólífrænan úrgang (steypu- og múrbrot, gler og flísar o.fl.) greiðast kr. 0,55 á kg.
- 3.6 Afgreiðslugjald í Gámu kr. 1.100 við hverja afgreiðslu, en 70% gjaldsins fellur þó niður ef þyngd farms er 100 kg eða meira, óháð tegund ofantalinna sorpflokka. Virðisaukaskattur er innifalinn í ofangreindu verði.

#### 4. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds. Fyrir móttöku á stærri förmum (100 kg eða meira) af efnum sem ekki bera úrvinnslugjald er heimilt að innheimta útlagðan kostnað. Innheimta skal útlagðan kostnað fyrir móttöku kælitækja (ísskápa, frystiskápa og frystikistu).

#### 5. gr.

Innheimta skal skv. gr. 3 og 4 með sérstökum reikningi, þar sem eindagi er 25 dögum eftir útskrift reiknings, eða gegn staðgreiðslu fyrir minni farma.

Flutningsaðilar á sorpi til móttökustaðar ábyrgjast greiðslu móttökugjalda skv. gjaldskrá í þeim tilfellum sem viðkomandi aðili er ekki í viðskiptasambandi við Akraneskaupstað.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 6/2006.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þrátt fyrir ákvæði í 3. gr. skal ekki innheimta sorpgjald samkvæmt vigt frá heimilum sem koma með sorp til losunar hjá Gámu á meðan bæjaryfirvöld eru með til sérstakrar skoðunar sorpmál hvað viðvíkur flokkun sorps með tilliti til úrvinnslugjalds.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar 28. nóvember 2006. Fyrri umræða fór fram 14. nóvember 2006.

*Akranesi, 28. nóvember 2006.*

**Gísli S. Einarsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2006